

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. janúar 2021

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra, 16. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands til umsagnar þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra.

Ákærendafélag Íslands styður þingsályktunartillöguna og telur að það megi alltaf gera betur í þessum málaflokki og tekur sérstaklega undir það sem fram kemur í tillögunni um aukið fjármagn til lögreglu og ákærvalds en mikið álag er hjá lögreglu og ákærvaldi vegna þessa brotaflokks sem kallar oft á tíðum á ítarlegri rannsókn lögreglu og sömuleiðis ítarlegri yfirferð ákæranda en í öðrum brotum sem eru einfaldari í sönnun.

Ákærendafélag Íslands vill þó benda á varðandi 6. tl. tillögunnar sem lýtur að aukinni aðkomu þolenda kynferðisbrota að málarekstri að það sé ekki heppilegt að einn hópur brotaþola fái slík réttindi umfram brotaþola í öðrum brotaflokkum. Er það mat Ákærendafélags Íslands að skoða yrði slíka breytingu í víðara samhengi og ef farið yrði í að lögfesta ákvæði þar að lútandi þá væri e.t.v. betra að slík breyting næði til stærri hóps brotaþola. Hvort rétt yrði að allir brotaþolar ættu slíka aðild að málum sínum eða einvörðungu þeir sem eiga rétt á tilnefndum réttargæslumanni á rannsóknarstigi og síðar skipuðum réttargæslumanni fyrir dómi er eitthvað sem þyrfti að skoða að mati félagsins.

F.h. Ákærendafélags Íslands

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður